

Alþingi.

Erindi nr. D 121/155

komudagur 25/11 1996

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Tillaga um samræming viðurlaga frumvarpa um veiðar innan og utan lögsögu Íslands

Í stað 13. og 14. gr. frumvarps um fiskveiðar utan lögsögu Íslands komi 6 nýjar greinar er orðist svo:

13. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum samkvæmt 14. - 15. gr. laga þessara, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða strekuð ásetningsbrot að ræða, skulu þau þar að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögðs sjávarafla vegna brota á lögum þessum eftir því sem við á.

14. gr.

Við brotum gegn 2. m. 7. gr. laga þessara, skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. og ekki hærrí fjárhæð en 6.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins, sem notuð hafa verið við hinar ólögðu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt, að aflinn hafi fengist með ólögðum hætti. Upptöku má framkvæma, án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk samkvæmt 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð, sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

15. gr.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa, varða sektum, sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og ekki hærrí fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

Fiskistofa skal svipta leyfi til veiða fyrir brot á þessum lögum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

16. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilordi má einnig gera lögaðila sekt, ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar, sem í þágu hans starfa hafa gerst sektir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

17. gr.

Heimilt er að leggja löghald á skip, sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Sé slíkt gert, er dómara heimilt að láta það laust, ef sett er bankatrygging eða

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Önnur jafngild trygging, að hans matl, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku samkvæmt 3. mgr. 14. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skal renna í Landhelgisjórð Íslands.

18. gr.

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra, sem ekki eru í samræmi við þær reglur, sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.